



# Flugslysaæfing Egilsstaðaflugvöllur 14. október 2023 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn Austurlandi

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2
2	Markmið .....	3
3	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
3.1	Dagskrá Egilsstaðir 2023.....	4
3.2	Æfingastjórn .....	5
3.3	Ráðgjafar .....	5
3.4	Þátttaka .....	6
3.5	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd .....	7
3.6	Veður .....	7
3.7	Vettvangur .....	7
4	Rýni.....	8
4.1	Bátaæfing – Rýnipunktur.....	8
4.2	Vettvangsæfing – Rýnifundur .....	8
4.3	Rýni ráðgjafa.....	11
4.4	Rafræn rýni – allir þátttakendur.....	13
4.4.1	Hverjir tóku þátt í rýni .....	14
4.4.2	Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar?.....	14
4.4.3	Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi? .....	15
4.4.4	Hvað gekk vel á æfingunni?.....	15
4.4.5	Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni? .....	16
4.4.6	Annað sem þú villt koma á framfæri? .....	17
4.5	Einkunn æfingar .....	17
5	Helstu lærdómsatriði og umbótatækifæri.....	18
5.1	Styrkur .....	18
5.2	Helstu umbótatækifæri .....	18

# 1 Inngangur

Síðbúnar flugslysa æfingar geta verið krefjandi vegna ytri aðstæðna, í aðdraganda æfingar hafði veðrið nokkur áhrif, undirbúningsaðilar komu seinna en ella og eldfuglinn frá Isavia komst ekki alla leið austur fyrr en á föstudegi, þetta hafði ekki bein áhrif á æfinguna nema að æfingastjórn þarf að hafa augun á allri umgjörð, þetta bætist þá ofan á annað. Veðrið hafði svo ekki áhrif á æfinguna sjálfa þá var fallett haustveður, fól yfir en sól og stillt.

Á miðvikudegi var haldin stutt bátaæfing á Lagarfljóttinu sem er órjúfanlegur þáttur í umhverfi flugvallarins og hefur þar nokkur áhrif, rekstraraðili flugvalla verður að hafa til taks ákveðin búnað og þekkingu til björgunar í nágrenni flugvallar og því er ágætis bátur á flugvellinum og góð þekking á notkun hans. Æfingin var til að styðja við það viðbragð. Sviðsmyndin var að vél hafði farið í Lagarfljótið um 5 sml sunnan flugbrautar á leið inn á braut 03. Samstarfsaðilum með björgunarbáta var boðin þátttaka og mætti dróni og tveir menn annars var bara vaktin frá Isavia. Æfingin sjálf gekk vel, reyndar fundust ekki allir sem í fljóttinu voru (dúkkur) fyrr en morguninn eftir en það var æfingalegs eðlis að dúkkurnar voru búnar að velkjast um í fljóttinu frá því um miðjan dag. Markmið æfingar náðust en skoða þarf ljósabúnað bátsins, það er að uppfæra handljós sérstaklega og leiðsögubúnað, það vantar stærri skjá svo hægt sé að skipuleggja fyrstu viðbrögð betur úr bátnum. Flugvallarþjónustan mundi verða eina viðbragð í nokkurn tíma kæmi til svona atburðar.

Æfingin á laugardeginum gekk mjög vel fyrir sig, vel var mætt frá öllum viðbragðsaðilum nema björgunarsveitum og er það því miður orðið þema á þessum æfingum og vert að skoða hvað veldur. Þó verður að taka fram að frá björgunarsveitinni Hérað komu flestir frá SL. Einnig gekk erfiðlega að fá leikara þrátt fyrir að auglýsingar þess efnis hafi farið út snemma, 16 leikarar voru skráðir til leiks og þökkum við þeim sérstaklega fyrir því án þeirra væru þessar æfingar ekki eins raunverulegar og góðar, leiktilburðir voru einnig eftirtektarverðir.

Slysavettvangur var flókinn, fyrir miðri braut í jaðri öryggissvæðisins og utan þess, ákveðið var að hafa hluta slysstaðar austan Eyvindarár.

Viðbragðsaðilar leystu úr verkefnum sínum af kostgæfni, fagleg nálgun og fumlaus viðbrögð á öllum starfssvæðum. Fjarskipti fóru að mestu fram á blár 7-0 og var á mörkunum að það gengi en gekk. Stjórnendur voru skipaðir undir verkþáttastjóra víða í kerfinu og gekk það vel. Mikilvægt er að það sé gert í öllum tilfellum þar sem verkefni verkþáttastjóra eru of mikil fyrir enn aðila. Vettvangsstjórn stóð sig vel eins aðgerðastjórn sem staðsett var í björgunarsveitarhúsi.

Hér hef ég tæpt á nokkrum mikilvægum lærdómsþáttum þessarar æfingar, sem er svo mikilvægt og eitt af markmiðum með þessum æfingum.

Allir sem að komu eiga hrós skilið og þakklæti fyrir að gefa sér tíma til að taka þátt og með því auka öryggi í sínu samfélagi.

Ráðgjafar og æfingastjórn þakka fyrir gestrisnina og fróðlegar og ánægjulegar stundir í kringum æfinguna.

Fyrir hönd æfingastjórnar og ráðgjafa

Friðfinnur Fr. Guðmundsson.

## 2 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar á flugvöllum og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi. Æfingarnar eru því á vegum Isavia og almannavarna.

Aðalmarkmið æfinganna eru tvenn.

- Að fræða viðbragðsaðila um þau málefni er tengjast flugslysum og efla þá í sínum hlutverkum sem tengjast hópslysaáætlunum.
- Að æfa flugslysaáætlun flugvallarins, samvinnu milli viðbragðsaðila og það vinnulag og ferla sem tilgreindir eru í flugslysaáætluninni.



### 3 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur flugslysaæfinga hefst ca. 5-6 mánuðum fyrir æfingu, fundað er með heimamönnum um þarfir þeirra og svo þarf að finna dagsetningu sem getur stundum verið snúið. Það er svo ca. mánuði fyrir æfinguna að hlutirnir gerast hratt, sett er upp Teams síða með fulltrúum allra eininga, áætlun flugvallarins er endurskoðuð og dagskráin kláruð.

#### 3.1 Dagskrá Egilsstaðir 2023

##### **Þriðjudagur 10. október**

Fjarfræðsla

19:00-22:00 Bráðaflokkun, sálrænn stuðningur, fjarskipti, þyrlur, Rannsókn flugslysa og stjórnkerfið.

##### **Fimmtudagur 12. október**

10:00 Boðunarprófun

19:30-22:00 Setning æfingar í Fellaskóla

Dagskrá:

- Setning æfingar Lögreglan
- Kynning, tilgangur flugslysaæfinga Isavia
- Flugslysaáætlun fyrir flugvöllinn og endurbætur Almannavarnir
- Fjarskiptaskipulag aðgerða
- Almennt um skipulag í hópslysum (SÁBF) Isavia
- Hverjir eru hvar og helstu hlutverk
- SST, AST, VST
- Verkefni RKÍ og SL á flugslysaæfingum Ráðgjafar RKÍ og SL
- Hvernig nýtum við bjargir
- Flæði slasaðra, frá slystað að sjúkrahúsi Landspítali
- Rannsókn flugslysa og verndun gagna RNSA
- Praktísk atriði í tengslum við æfinguna Isavia
- Gangur æfingar
- Akstur á svæði
- Vettvangur
- Leikarar
- Alvara – Alvara – Alvara

##### **Föstudagur 13. október**

14:00-17:00 Skrifborðsæfing fyrir stjórnendur og verkþáttastjóra haldin í aðstöðu flugvallarþjónustu AST og VST með.

17:00 – 18:00 Fjarskiptavinnustofa.

20:00-21:00 Kynningarfundur fyrir leikara / þolendur í Sláturhúsinu.

## Laugardagur 14. október

08:00 Förðun leikara Umsjónaraðili leikara Sláturhúsið.

11:00 Flugslysaæfing hefst

15:00 Rýnifundur fyrir þátttakendur æfingar í Fellaskóla. Eftirfarandi dagskrá var til viðmiðunar.

- Almennt um/stóra myndin Æfingastjóri
- Samhæfingarstöð Ráðgjafi SST
- Aðgerðarstjórn Aðgerðarstjóri
- Vettvangsstjórn Vettvangsstjóri
- Leit og björgun Björgunarstjóri
- Söfnunarsvæði slasaðra Aðhlyningarstjóri
- Lokanir/umferð/talning Gæslustjóri
- Móttaka og flutningur Flutningastjóri
- Aðstandendur/fjöldahjálpi/SSS Rauði krossinn
- Umsögn ráðgjafa Ráðgjafar
- Umræður Orðið laust
- Næstu skref Isavia
- Æfingu slitið Lögreglan

### 3.2 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá Isavia, fulltrúum almannavarna ríkisins og lögregluþyrifvöldum á svæðinu.

Æfingastjóri	Friðfinnur Fr. Guðmundsson	Isavia
Æfingastjórn	Elva Tryggvadóttir	Isavia
Æfingastjórn	Þórný Þórðardóttir	Isavia
Æfingastjórn	Hjalti Bergmar Axelsson	Lögreglan á Austfjörðum

### 3.3 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Æfingastjórn	Friðfinnur	Isavia
Æfingastjórn	Elva Tryggvadóttir	Isavia
Ráðgjafi	Þórður Þórðarson	Isavia - Vettvangur
Ráðgjafi	Tómas Már Pétursson	Isavia - Vettvangur
Ráðgjafi	Aðalbjörn Tryggvason	Isavia - stjórnun uppsetning Vettvangs
Ráðgjafi	Magnús Orri Kristinsson	Isavia- Vettvangur
Ráðgjafi	Veigar Guðbjörnsson	Isavia - Vettvangur
Ráðgjafi	Anna Berglind Sigurðardóttir	Isavia - áhorfandi
Ráðgjafi	Viðar Ólafsson	Isavia - Vettvangur
Ráðgjafi	Vigdís Björk Agnarsdóttir	Isavia-Umsjón leikara
Ráðgjafi	Soffía Helga Valsdóttir	Isavia-aðstoð umsjón leikara
Ráðgjafi	Sigrún Björk Jakobsdóttir	Isavia-Umsjón gesta
Ráðgjafi	Helgi Reynisson	112

Ráðgjafi	Sigríður Soffía Jónsdóttir	112-áhorfandi
Ráðgjafi	Ármann Gestsson	112-áhorfandi
Ráðgjafi	Álfheiður Svana Kristjánsdóttir	Rauði kross Íslands
Ráðgjafi	Anna Helga Ragnarsdóttir	Landspítalinn
Ráðgjafi	Þorgerður Anja Snæbjörnsdóttir	Landspítalinn
Ráðgjafi	Arnar Steinn Elísson	Slysavarnafélagið Landsbjörg - Landsstjórn
Ráðgjafi	Steingrímur Jónsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg - Landsstjórn
Ráðgjafi	Óli Jón Jónsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg - Landsstjórn
Ráðgjafi	Guðbrandur Arnarson	Slysavarnafélagið Landsbjörg - Landsstjórn
Ráðgjafi	Þórný Þórðardóttir	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
Ráðgjafi	Víðir Reynisson	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

### 3.4 Þátttaka

Hér er um áætlaða þátttöku að ræða út frá upplýsingum frá einingum, á æfingadegi gæti þetta hafa breyst lítillega. En þátttakan var mjög góð en eins og áður hefur komið fram er mikill áhugi hjá viðbragðsaðilum á svæðinu og samvinna góð.

Þátttaka í flugslysæfingu laugardaginn 14. október 2023	
	Fjöldi fólks
Samhæfingarstöðin	9
Rannsóknanefnd samgönguslysa	0
AST austurlandi	9
Landhelgisgæslan (þyrla, skip)	0
Isavia	8
Flugrekstrar og afgreiðsluaðilar	5
Lögreglan á Austfjörðum	8
Slökkvilið Múlaþingi	9
Slökkvilið Seyðisfjarðar	5
Sjúkrabifreiðar HSA (mannskapur og bílar)	4
Heilbrigðisstofnun Austurlands	14
Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 13	1
Rauði krossinn á Íslandi	5
Björgunarsveitin Ársól	0
Björgunarsveitin Brimrún	3
Björgunarsveitin Eining	0
Björgunarsveitin Geisli	0
Björgunarsveitin Gerpír	0
Björgunarsveitin Hérað	5
Björgunarsveitin Ísólfur	1
Björgunarsveitin Jökull	0
Björgunarsveitin Vopni	0
Björgunarsveitin Sveinungi	0
alls	77
Gestir	10
Leikarar	16
Ráðgjafar	24
alls	50
Alls á vettvangi	127
ALLS (m/ SST og AST)	
Allir	136

### 3.5 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

ATR 42 frá flugfélaginu Fly No More sem er að koma frá Reykjavík 03 tilkynnir um alvarlega bilun í aðflugi að braut 03. Turn virkjar hættustig, Einkavél TF-HYP taxerar út á braut án samráðs við turn og að endingu lenda vélarnar saman, slysstaður er um miðja braut að austanverðu. TF-HYP lendir austan við Eyvindará.

### 3.6 Veður

Fallett veður, hægur vindur, sól en haustið aðeins farið að gefa svo lofthiti var ekki mikill en það hafði engin áhrif á æfinguna.

### 3.7 Vettvangur

Vettvangurinn var krefjandi hann var um miðja braut að austanverðu og austur fyrir öryggissvæði, einnig var hluti hans austan við Eyvindará og þurfti slökkvilið að fara yfir á vaði. Þrjú björgunarverkefni og þrjár eldar voru vestan ár en einn eldur og björgun austan ár.





## 4 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga. Rýnin er með tvennum hætti, annars vegar eru teknir rýnipunktur í kjölfar æfingar þar sem helstu verkþáttastjórar og ráðgjafar fara stuttlega yfir sína punkta. Í framhaldinu fá allir þátttakendur hlekk á rafræna rýni. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram. Rafræn rýni er tekin saman í lokaskýrslu æfingar og geta viðbragðsaðilar þá nýtt skýrsluna til eflingar styrkleika eða umbóta þar sem við á.



### 4.1 Bataæfing – Rýnipunktur

Bataæfing var haldin á Lagarfljóttinu miðvikudaginn 11. október. Góð æfing en dræm þátttaka annarra viðbragðsaðila en flugvallarþjónustu. Æfingin fór fram í svarta myrkri og við það að nýta búnaðinn ekki eingöngu á daginn eða góðviðri þá næst meiri æfing á búnaðinn við fjölbreyttari aðstæður. Leiðsögubúnaðurinn þyrfti að hafa stærra skjá og eyða ætti eldri trakkir út áður en farið er í aðgerð til að sjá betur hvað hefur verið farið og leitinn þarf að vera markvissari, vinna út frá plani og teikna mögulegan leitarferil. Ljósín í bátnum ekki nógu góð, það þyrfti góð handljós og ljósbarinn þyrfti að vera hærri aftast. Frábært var að hafa streymi úr drónanum en talsvert er um gæsir á svæðinu og hafði flugmaðurinn smá áhyggjur á mögulegu samstuði við þær.

### 4.2 Vettvangsæfing – Rýnifundur

Friðfinnur byrjar með smá sýn frá æfingastjórn. Krefjandi vettvangur og stundum erfitt að hafa alla á sama talhóp.

#### Vettvangsstjóri

Davíð vettvangsstjóri, voru tvö frá lögreglu í vettvangsstjórn. Voru með Blár 7-0 í upphafi en bættum síðan við VST-7. Talning gekk vel, samskipti við verkþáttastjóra gekk vel, stundum erfitt að ná aðhlyningarstjóra en þá fóru þeir niður og ræddu við hann. Æfingin gaf gott fyrir lögreglu.

Ráðgjafi VST, Víðir yfirvegum og ró einkenndi VST, voru ekki að áreita eða valda álagi á verkþáttastjóra. Kölluðu eftir ef eitthvað var en annars var upplýsingastreymi gott. Hefðu viljað hafa björgunarsveitaaðila í VST með þeim en stundum er þetta bara svona í raunveruleikanum. Gekk annars mjög vel og mætti halda að þau væru að gera þetta í 100 skipti en ekki fyrsta.

## Gæslustjóri

Einn látinn fluttur af vettvangi, reyna að halda rannsóknarvettvangi. Settu upp hringtorg, gekk vel og lokanir og talning gengu vel.

Ráðgjafi gæslustjóra, Víðir vissum alltaf góðar talningar, bókhaldið í lagi ásamt öðrum þáttum. Hann náði ekki að vera á öllum stöðum en gekk vel það sem hann sá hjá þeim sem tilheyrðu gæslustjóra.

## Flutningsstjóri

Steingrímur úr Landsstjórn björgunarsveita var flutningsstjóri því ekki náðist að manna það af svæðisstjórn björgunarsveita. Fengu nokkrar bjargir og unnið úr þeim björgum, þegar MÓT var tómt þá var farið yfir á vettvang hvort það væru einhverjir lausir þar. Síðan vantaði inná SSS og þá fór hann að færa til bjargir af svæðinu. Nokkrir slökkviliðsmenn voru þar sem gátu farið á SSS. Honum fannst þetta ganga mjög vel hjá þeim. Flutningur fór eins vel og hægt var, stundum var smá stopp þegar vélar voru að koma og gekk allt vel.

Ráðgjafi, Arnar tók smá stund fyrir björgunarstjóra á vettvangi að fatta búnað sem hægt var að nota, kerra sem fólk áttaði sig ekki á. Slökkvilið stökk til í alls kyns verkefni sem og aðrir enda allir með það sameiginlegt að klára verkefnið.

## Aðhlyningarstjóri

Takk fyrir æðislega æfingu, margt sem maður lærði, nóg til að skoða eftir á. Gekk ekki nægjanlega vel inná SSS til að byrja með, gekk ekki alveg nógu vel að fá yfirsýn og ná upplýsingum um alla. Það hefðu þurft að vera alveg þrír að aðstoða í þessu. Stjórnandi læknir mætti vera með yfirsýni og hafa númerin og flokka hvernig ætti svo að mata það í SSS. Telur að flutningur frá SSS hefði getað gengið betur. Flott reynsla, takk fyrir mig.

Ráðgjafi, Anja, henni fannst þetta heilt yfir ganga vel, alltaf allskonar sem kemur upp, það var smá tími sem skorti yfirsýn og þá létu þær vita af því í fjarskiptum og tóku smá tíma í að fara yfir það sem gekk vel. Voru með góða stjórn á sínu fólki, hefðu þurft að hafa meiri mannskap á öllum svæðum SSS. Prófuðu aðeins að breyta aðeins teikningunni, það urðu aðeins óljós skil þá á milli svæða en miðað við viðbragðsaðila þá var þetta hárrétt ákvörðun til að ná betri yfirsýn.

## Björgunarstjóri

Ólafur björgunarstjóri slökkviliðs og Nikki björgunarstjóri Isavia. Þakkar fyrir sig og góða ráðgjöf, nýtt fyrir honum að segja öðrum til og fá yfirsýn, gekk nokkuð vel á krefjandi vettvangi. Nikulás, gekk vel í byrjun, fjarskiptin kannski fullmikil en bara flott.

Ráðgjafi, Aðalbjörn, fylgdist með þessum meisturum í dag, þetta var krefjandi staða. Léttvatn bilaði svo það þarf að æfa það oftar en fjórða hvert ár. Nýta talstöðvarnar betur í stað þess að hlaupa 50m á milli. Verður bara enn betra næst.

## **Aðgerðastjórn - AST**

Hjalti stjórnandi í AST, fannst hlutirnir byrja hægt en þau tóku hrollinn úr í gær með skrifborðsæfingunni og settu upp skipulag sem var síðan nýtt í dag þrátt fyrir mannabreytingar frá því í gær. Eru í aðstöðuhallæri, þurfa betri aðstöðu. Byrjuðu á 7-0 og síðan þegar kom of mikið að upplýsingum þá fórum við á VST-7 og voru þá með þær upplýsingar sem þau þurftu. Tóka símafund með VST á einum punkti sem var gott. Nýttu sér streymi frá dróna og eins úr búkmyndavél og einnig vél á flugstöðinni. Mikill munur að sjá aðeins á vettvangi, skiptir gríðarlega miklu máli og að sjá inná SSS og þegar fór eitthvað að gerast þar þá sáu þau það strax. Mikið að gerast hjá heilbrigðisfulltrúanum, voru í góðum samskiptum við SST. Ein vél farin og allt hitt á leiðinni svo það var klárt í flutningi. Aðilinn frá Ísavia og Ícelandair hefðu getað gert eitthvað meira í AST þegar á leið, skoða hvernig nýta megi þar.

Ráðgjafi, Þórný, ró yfir aðilum í AST, líka nýju aðilunum, unnu á góðum hraða, hefðu viljað sjá 2-3 til viðbótar í AST, sérstaklega til að vinna með bjargir en annars gekk þetta vel.

## **Samhæfingastöðin - SST**

Matta stjórnandi í SST í dag, varðandi boðun, hún skilaði sér ekki í alla síma þar. Upplýsingar um þolendur voru að berast inn til þeirra. Og misvísandi tölur. Eins var tími mögulega kominn á að virkja AST Norðurlandi enda mikið að koma að björgum þaðan. Allir glaðir og ánægðir með vinnuna.

Ráðgjafi, Rögnvaldur, fullt af vönu fólki og óvönu í bland. Klassísk áskorun varðandi flugið að taka vera með pappírsvélar en gekk vel og skipulag var gert.

## **Rauði kross Íslands**

Guðný Drífa og Begga, helst frá þeim að þeim vantaði gríðarlega mannskap. Vantar að fá fleiri námskeið til að efla fleiri í þeirra störf m.a. í viðbragðshópinum fyrir söfnunarsvæði aðstandenda enda hefðu þau ekki náð að sinna því. Þau hefðu viljað sjá smá skil á milli grænna og hinna svæðanna þannig að þau séu ekki að horfa á alvarlega slasaða. Eins vona þær að fleiri munu mæta þegar á reynir. Takk fyrir í dag.

## **Ícelandair**

Stephanie, þakkar fyrir góða þátttöku. Voru með vaktina mannaða í dag og urðu mjög góð samskipti á milli viðbragðsaðila og starfsmanna. Voru að nýta þá vel, opna, loka, bera, aðstoða og gera það sem þurfti. Nokkrir praktískir hlutir sem má laga en þetta gekk vel, takk fyrir.

## **Umsjónaraðili leikara**

Vorum með 16 lifandi leikara í dag sem stóðu sig gríðarlega vel. Þau fóru á annan stað, eða í Sláturhúsið sem er menningarhús á Egilsstöðum.

Klæða þau betur, koma í óhreinu fötunum sínum. Aðstæður eru þannig að þau verða að vera vel klædd.

## Annað

Ef að flugbraut er lokuð þarf það að vera miklu skýrara. Helst að hafa starfsmenn eða aðila sem er sýnilegur í þetta þannig að gangi. Núna fóru tveir bílar á braut þegar hún var lokuð.

Slökkviliðsmenn ekki með tetra og heyra því ekki tilkynningar um þetta t.d. Spurning að einhver í stjórnun sé með VHF?

Sigrún framkvæmdastjóri Isavia Innanlandsflugvalla, fjórða æfingin sem hún fylgist með og hún fyllist stolti í hvert skipti, gríðarlegur undirbúningur í hvert skipti, erum farin að vera umhverfisvænni og komin með eldfugl. Þetta var krefjandi vettvangur og aðilar stóðu sig vel að bjarga og sinna þolendum. Skemmtilegt að sjá drónana og búkmyndavélarnar og hvað þær eru að gera mikið. Það er svo gaman að sjá þessa keðju virka, allir fumlausir að vinna sína vinnu og fólk að skrifa inn í aðgerðagrunn. Ekkert stress sem maður upplifir í aðstæðunum heldur verið að nýta tæknina til að hjálpa okkur.

## 4.3 Rýni ráðgjafa

### Ráðgjafi vettvangsstjóra – Víðir Reynisson

- Heilt yfir gekk bæði undirbúningur og framkvæmd æfingarinnar vel.
- Skrifborðs æfingin á föstudeginum var mikilvæg og skerpti á lykilþáttum samstarfsins.
- Fræðsla sem í boði var fyrir æfinguna var góð og skilaði sér.
- Taka þarf tillit til þess í áætluninni að fjarskiptaskipulagið sé ekki virkjað að fullu strax í upphafi heldur fari allir á Blár 7.0 og síðan opni VST og AST sín á milli viðeigandi talhóp og VST ákveði frekari virkjun fjarskiptaskipulags. Skoða þarf með TETRA og slökkviliði hvort ekki sé ástæða til að það noti meira af TETRA.
- Aðstaða VST í flugstöðinni er til fyrirmyndar og skipti máli að fyrir þau að geta farið niður og hitt Aðhlyningar, og gæslustjórana.
- Fulltrúa björgunarsveita var saknað í VST og ljóst að mikilvægt er að þeirra fulltrúi komi ef nokkur möguleiki er til.

### Rýnipunktur frá Icelandair – Stephanie Smith

- Merking rauða-gula-græna svæðin. Það var erfitt að finna naglana til að hengja upp skiltin. Ein lausn væri að mála rauða-gula-græna kassa á svæðinu, jafnvel með ör inn í kössunum til að benda á hvar hvert svæði er. Engin veit hvað þetta er nema fólk sem hefur tekið þátt í svona æfingu. Önnur lausn væri að hafa tóma málaða svarta kassa þar sem merkingin á að fara, og neglurnar þar inn í.
- Það vantar krækja eða eitthvað til að halda opna hurðina þar sem neyðarbirgðir eru geymdir (borð, merkingar, ...). Það fannst chock sem var notað, en borðin eru of þung til að geta verið einn til að opna og bera. Mætti vera merking að það má eingöngu nota krækjuna á meðan verið er að setja upp eða taka niður búnaðurinn.
- Það hefði verið ótrúlega auðveld fyrir blaðamann eða hvern sem er sem stendur fyrir utan flugstöðvabyggingin að ná myndum af öllu fólk sem kemur inn í SSS, og jafnvel inná rauðasvæðinu. Það þarf að finna leið til að hlaupa inn birtuna en samt koma í veg fyrir myndatöku – t.d. léttar rúllugardínur eða krækjur yfir gluggana þar sem er hægt að hanga efni á. ATH þarf að hafa yfir bæði gluggana og hurðina.
- Það þarf að tryggja að hlið 3 (þar sem þolenda koma inn) er alltaf mönnum. Þar var að mestu gert af lögreglunni, þó ekki í upphafi.

- Hvar eiga grænu áhafnameðlimir að fara? Það þarf helst að aðskilja þau frá farþegunum. Icelandair starfsmenn voru að reyna að passa upp á því en það væri gott að hafa setning um það í áætluninni.
- Borðin voru settar upp bæði á greiningasvæði og á rauðu svæði – svo eftir að Rauða Krossinn kom með sínu beddar voru borðin á rauða svæði tekin niður. Rætt var um hvort á alfarið að setja upp borðin í rauða svæðinu, en niðurstaðan var að það ætti að vera gert til þess að nota borðin þangað til að beddar eru komnar.
- Það vantaði börur
- Stundum voru borðplöturnar notuð sem börur – allt í lagi sem neyðarúrræði
- Starfsfólki Icelandair var beðin um að hjálpa að taka fólk af börunum og á greiningaborðin – bara einn þeirra starfar líka sem sjúkraflutningamaður og kann þetta, hinir ekki. Það var rætt um hvort þau ættu að gera það, engar niðurstöður komnar.
- Mikilvægt er að a.m.k. einn aðili frá Icelandair sé í SSS / flugstöðvabyggingin, með lykil til að geta náð í auka birgðir, eins og t.d. hjólastóla.
- Sjúkraflutningamaður þarf ekki að vera að keyra. Björgunarsveitamaður eða Icelandair starfsmaður mætti keyra sjúkrabíll á milli vettvangs og SSS og nota sérhæfða fólk í greiningu annað hvort á vettvangi eða í SSS – eða vera aftur í með þolenda. Sérstaklega vettvangur innan flugvallasvæðisins.
- AST, það var frekar lítil að gera fyrir okkar maður þar; mikið af spurningunum til Icelandair fóru í gegnum SST. Hins vegar var það ekki fullt æfing hjá Icelandair, og þar með minnkaði áreiti til hans. Rætt var hvort hann ætti að vera í AST eða í SSS (flugstöðin). Niðurstöður: það fer eftir ástand, fjöldi manns á flugvellinum, og mjög líklega mun hann fara á milli staða.
- Starfsfólki Icelandair er þegar staðsett inn í flugstöðvabyggingin og þar með skráir sig ekki á MÓT, en voru samt mikið notaðir í sjúkraflutningar innan SSS (t.d. frá hurðinni til greiningasviðs, frá greiningasviði til rauða svæðis, ...). Auka starfsfólk Icelandair sem kemur inn til aðstoðar í Icelandair hlutverki munu líklega ekki skrá sig inn á MÓT.

**Ráðgjafi Þórður Þórðarson Isavia**

**Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar** Flottir fundir og fræðsla.

**Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar** Eldfuglinn hefði mátt vera settur upp fyrr.

**Hvað gekk vel á æfingunni** Var við krossinn austan megin við ána, áhöfn á sjúkrabíll sem kom á staðinn voru með allt sitt á hreinu.

**Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni** Þeir sem komu til mín voru 65 mínútur á leiðinni, bílstjórinn var ekki með hjálm, sögðu mér að bíllinn hefði ekki farið í gang, það þarf að skoða þetta hvað er hægt að gera betur.

**Ráðgjafi björgunarstjóra Aðalbjörn Tryggvason Isavia**

**Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar** Undirbúningur gekk vel, uppsetning vettvangs áhugaverð.

**Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar** Eldfuglinn hefði þurft að vera klár fyrr.

**Hvað gekk vel á æfingunni** Umfangsmikill vettvangur sem var dreifður. Ágætlega gekk að ná yfirsýn. Gott að nýta gröfu til að komast að fjær vettvangi við flugbrautina.

**Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni** Léttvatnið bilaði svo það þarf að æfa það oftar. Einnig var monitor ekki nýttur í upphafi. Nýta betur fjarskipti í stað þess að hlaupa um.

**Ráðgjafi** Þórný Þórðardóttir

**Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar** Isavia á hrós skilið fyrir utan um hald og upplýsingar fyrir æfinguna. Nokkur fjöldi á setningarkvöldi. Skrifborðsæfingar fyrir æfinguna sjálfa eru mjög góðar til að taka mesta skjálftann úr fólki

**Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar.** Engar ábendingar.

**Hvað gekk vel á æfingunni** Yfirveguð vinna, allir héldu ró sinni og með yfirsýn yfir sitt.

Aðgerðastjórnandi var með stöðufundi.

Streymt var frá SSS inn til AST/SST með búkmyndavél frá lögreglu sem gaf yfirsýn yfir stöðuna inn á því svæði. Einnig var streymi frá dróna björgunarsveitar inn í AST/SST frá vettvangi.

**Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni** Hefði viljað sjá 2-3 fleiri inni í AST.

**Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?** Dræm þátttaka frá Svæðisstjórn, aðeins 1 inni í AST.

**Ráðgjafi Heilbrigðisþjónustu** Þorgerður Anja Snæbjörnsdóttir

**Hvað gekk vel í aðdraganda æfingar** Undirbúningur og samskipti við heilbrigðisgeirann gekk vel. Fræðslan var samskonar og áður og var vel sótt.

**Hvað hefði betur mátt fara í aðdraganda æfingar** Við náðum ekki að hitta allan hópinn sem var að taka þátt frá HSN fyrir æfinguna vegna árshátíðar hjá þeim, það hefði undirbúið þau betur fyrir æfinguna.

**Hvað gekk vel á æfingunni** Fjarskipti gengu vel og flæði sjúklinga ágætt. Aðhlyningarstjórar höfðu ágæta yfirsýn yfir SSS.

**Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni** Óljós skil voru milli yfirsetusvæða á SSS og ruglaði starfsfólk. Það var einnig mjög kalt í áverkamati og einhverjir sjúklingar þurftu að bíða illa klæddir eftir áverkamati. Það var einnig fámennt af björgunarmönnum og ekki nægur mannskapur til að sinna áverkamati og yfirsetu nægilega vel þegar mest var af sjúklingum.

#### 4.4 Rafræn rýni – allir þátttakendur

Rýni fór á alla þátttakendur rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.


#### 4.4.1 Hverjir tóku þátt í rýni

1. Hvaða viðbragðsaðila eða einingu í flugslysaáætlun tilheyrir þú?

[More Details](#)

[Insights](#)

● Neyðarlínan 112	0
● Lögregla	0
● Isavia Flugvallarþjónusta	3
● Isavia Flugturn	0
● Slökkvilið	2
● Sjúkraflutningar	3
● Heilbrigðisþjónusta	7
● Svæðisstjórn björgunarsveita	0
● Björgunarsveit	1
● Rauði krossinn	2
● Landhelgisgæslan	0
● Rannsóknarnefnd samgönguslysa	0
● Flugrekstrar- og / eða þjónustua...	2
● Other	2



#### 4.4.2 Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar?

- Fundir voru ágætir.
- Isavia á hrós skilið fyrir utan um hald og upplýsingar fyrir æfinguna. Nokkur fjöldi á setningarkvöldi. Skrifborðsæfingar fyrir æfinguna sjálfa eru mjög góðar til að taka mesta skjálftann úr fólki.
- Allt gekk vel við undirbúning.
- Fræðslur mjög gagnlegar og upplýsandi um þau verkefni sem voru framundan.
- Gott að skerpa á þessum hlutum sem ræddir eru.
- Allt gekk vel
- Mjög vel.
- Bæði gengur vel
- vel
- Var ekki á fræðslunni að þessu sinni þar sem ég var nýbúin að fá þessa sömu fræðslu fyrir flugslysaæfinguna á Vopnafirði
- Gott að geta haft fræðsluna á Teams - það er auðveldara fyrir alla.
- Skrifborðsæfingin
- Vel
- Gott að hafa skrifborðsæfingu deginum áður
- Samtal á milli manna
- Missti af því.
- Góð fræðsla í aðdraganda æfingar.
- Vel, gott aðgengi á netinu
- Náði ekki fundum

#### 4.4.3 Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi?

- Dreifingu á virku fundarboði inn til Slökkviliðs var ábótavant. Þurftum að endingu að fara krókaleið til að verða okkur út um réttan hlekk til að tengjast.
- upplýsingar
- Var ekki partur af því
- Skrifborðsæfing ekki nógu markviss, tel undirbúningi hennar ábótavant, hins vegar gekk hún nokkuð vel.
- veit ekki var bara á skrifborðs æfingu þannig að ég veit ekki hvernig annað var.
- Þarf að skilgreina betur hlutverkaskipan á milli aðhlyningarstjóra, aðstoðarmanni aðhlyningarstjóra og stjórnandi lækni greiningarsveitar svo sú vinna sé ekki bara fundin upp á staðnum heldur sé stöðluð einhversstaðar. Sem sagt nákvæmari verkaskipting á milli þessara aðila. Hefði verið gott að fá þannig fræðslu.
- Það er svo sem ekkert held ég þetta er bara flott.
- Of margir fundir, margt það sama og var fyrir síðustu æfingu og hefði mátt bara rúlla yfir það sjálfur heima.
- Fannst þetta ganga vel.
- Mætti fara betur yfir verklýsingar og hvernig er best að því fyrir stjórnendur á SSS.
- Er ekki með neitt í huga
- Aðeins meiri fyrirvari varðandi dagsetningar og tímana hefði hjálpað.
- Ekkert sérstakt
- flott flæði af upplýs.
- Komast inn á vef RKÍ á undirbúningsfund
- Missti að því.
- Ekkert sem mér dettur í hug
- Hefði mátt vera sér undirbúningsfundur með starfmönnum fyrir æfingu [Flugvallarþjónusta]
- Reyndi að horfa á fyrsta kvöldið en allt fraus í tölvunni. Vantaði klárlega meiri hvatningu til starfsmanna við að taka þátt í því sem var í gangi dagana á undan.

#### 4.4.4 Hvað gekk vel á æfingunni?

- Öll framkvæmd og verk leyst vel á slyssað.
- Flest
- Streymi frá drónum og búkmyndavélum kom sér vel.
  - \* Starfsmaður Rauða krossins í SST vildi taka fram að samskipti við sinn counterpartner hefðu verið góð en logga mætti meira í aðgerðargrunninn þeirra.
  - \*Góð og róleg æfing þar sem allir höfðu samt nóg að gera til að æfa sín hlutverk.
- Flest gekk vel.
- Yfirveguð vinna, allir héldu ró sinn og með yfirsýn yfir sitt. Aðgerðastjórnandi var með stöðufundi og tók stöðuna reglulega. Reynsla einstaklinga mismunandi, en kom ekki að sök. Streymt var frá SSS inn til AST/SST með búkmyndavél frá lögreglu sem gaf þeim sem þar voru betri yfirsýn inn á því svæði. Einnig var streymi frá dróna björgunarsveita inn til AST/SST frá vettvangi.
- Flestir virtust vita það hvaða verkefni þeir áttu að vera í.
- Samskipti gengu betur en oft áður og samstarf mjög gott.
- Þetta gekk held ég bara vel að mestu.
- Það gekk vel að vinna saman og halda ró.
- Samtal milli eininga
- Nýting starfmenn Icelandair sem voru á staðnum til að bera, setja upp fleiri bedda.
- flest allt vitna í rýnifund á eftir



- Að sinna þeim sem þurftu.  
Samskipti milli hjálparaðila
- Gekk vel. Vantaði fleiri RKÍ sjálfboðaliða
- Gekk vel að koma slösuðum einstaklingum úr bílum, vel gert að ýta bílflökum frá vegi til að hafa betri aðkomu fyrir bjargir. Vel mannað á slysavettvangi.
- Almennt fannst okkur æfingin ganga vel.
- Gekk vel hvað allir unnu vel saman þegar leið á æfinguna.
- Gekk þokkalega þegar allir voru komnir í stöðu.

#### 4.4.5 Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni?

- Skipulag Slökkviliðs þarf að bæta, engin Varðstjóri á staðnum annar en sá sem var í hlutverki Björgunarstjóra. Vantaði stjórnanda.  
Við frágang á vettvangi kom í ljós 5 Rauðir sjúklingar sem lágu á börum sem átti eftir flytja. Engin var hjá þeim sem væntanlega var því að um dúkkur var að ræða.
- Flest, Boð frá Neyðarlínu bárust ekki til slökkviliðs f. en kl. 11:30.  
Bárust heldur ekki f. en 13.04 á fimmtudag þegar gera átti boðunarprófun.
- Boðun - hættustigið skilaði sér ekki í alla síma sem voru í SST  
\*Leið góður klukkutími þangað til upplýsingar um þolendur fóru að berast. Voru á tímabili einnig mjög misvísandi tölur sem komu inn.  
\*Hugsanlega þarf að skoða viðbragðsáætlunina og þá tjékklista sem eru í henni og eiga við um SST - standast þeir?
- Samskipti verkþáttastjóra við bjargir voru ekki góð, kannski vegna kunnáttuleysis, margir nýir menn, þarf kannski að eyða meiri tíma í undirbúning þeirra.
- Hefði viljað sjá 2-3 í viðbót inn í AST.
- Sjúkraflutningar hefðu mátt klára bráðaflokkun ekki henda spjöldunum í næsta björgunarmann. Þeir hafa haldið að þeirra verk væri bara að flytja sjúklinga.
- Þegar beðið var um aðstoð inn á SSS og aðstoðin kom hefði hún mátt gefa sig fram við aðstoðarmann aðhlyningarstjóra til þess að vera úthlutað verkefni. Skipulag á SSS hefði mátt vera sýnilegra, spurning um að útbúa spöld sem standa á Rautt, Gult og Grænt sem hægt væri að stilla upp eða hengja upp við viðeigandi svæði.
- Finnst bráðaflokkunin hafa farið þínu svona úrskaiðis, er ekki saklaus í því sjálfur. Fannst vettvangurinn ekki klár í bráðaflokkun þegar við byrjuðum.
- Hefði mátt vera betri mönnum á SSS.
- Tími að byrja að færa slasaða frá slysavettvangi. Slökkvarar of uppteknir að slökkva og ekki hugsa um sjúklinga.  
Aðskilja slasaða inná SSS gulir og rauður betur aðskildir  
flutningur frá SSS smá óskipulag þínu æfingin er að verða búin fýlingur leið mér  
Sjúklingar (leikararnir) meira með lífsmörk á hreinu ef ekki munað þá hafa bara miða
- Vantaði mannskap í áverkamat og á SSS.  
Skipulag í byrjun ekki á hreinu, þ.e. aðhlyningastjóri vissi ekki hvað ætti að gera varðandi skipulag SSS, mikill ruglingur þar í gangi.  
Flutningur af SSS tregur.
- Margir lærdómar komu fram sem munu vera sendir í sérskýrslu til ISAVIA
- Að fleiri mættu þ.s. heilbrigðisfólk
- Greinilegri skil á milli svæða.  
Flutningur sjúklinga af svæðinu (sjúkraflug, sjúkrahús)
- Fleira fólk í flestum björgum
- Nýta slökkvibíla betur.  
Einn slökkvibíll. (nota turet eða bumper á eld á bílum á hól og á sama tíma nota slöngukefli á lady bird) fljótlegt að hala inn slöngukefli ef þarf að færa slökkvibíl.

Einn slökkvibíll. Nota bumper á eld (vinsta megin við vegslóða) ekki handlínu.

Of margir án verkefnis á slysstað, (samskiptaleysi ????)

Einblína of mikið á eld sem enginn hætta er á, fara strax að sinna slösuðum einstaklingum og koma þeim í skjól.

- Smá þælingar um grænu sjúklingana. Af hverju þeir eru allir sendir í burtu í stað þess að sinna þeim innan fjórðungsins svo lengi sem heilbrigðisstofnunin telur sig geta tekið á móti þeim. Sérstaklega í ljósi þess að líklega eru margir farþegar Austfirðingar.
- Vantaði alla stjórnun hjá Isavia þegar lýst var yfir hættustigi. Menntu voru ekki vissi hvort Vaktstjóri stjórnar eða Björgunarstjóri. Menntu klæddu sig í galla og svo vissi engin neitt. Bílar fóru ekki út fyrr en skilaboð um Neyðarástand kom. Vantar að merkja slökkviliðmenn Isavia frá öðrum. Þegar allir eru komnir í eins galla er erfitt að vita hver er hvað.
- Óstjórn í húsi við viðbragð allt og langur tími sem leið á milli óvissustigs og neyðarstigs að slökkvibílar færu út. Mikið kaos á vettvangi við slökkvibíl nr. 1 (sameiginlega) mín upplifun var sú að engin úr bæjarlökkviliði kynni að koma vatni á slöngur. Þegar leið á æfingu voru 4 flugvallarstarfsmenn sendir inn í flugstöð með sjúkrabílunum til að hjálpa til við flokkun. Við lok æfingar stóð þessi sameiginlegi bíll nr. 1 eftir á vettvangi með opna bílstjórahurð virtist engin frá bæjarliði hafa spáð í það.

#### 4.4.6 Annað sem þú villt koma á framfæri?

- Tek undir athugasemd sem kom úr sal á fundi, ítreka þarf við leikara að koma í hlýjum og skítugum fatnaði.
- Allir lögðu sig fram, allt gekk upp að lokum þrátt fyrir vankanta í upphafi, það er vel.
- Fáir frá svæðisstjórninni sem tóku þátt, aðeins 1 var í AST.
- held bara ekki. :-)
- Óska eftir því að æfingarnar verði á 3 ára fresti.
- Þetta er bara æfing og það má alveg halda ró sinni það er ekki líf í hættu. Fannst slökkviliðið margir hverjir mjöðög æstir. Þurfti nokkrum sinnum að minna þá á það að þetta er bara æfing.
- Þetta var mjög lærdómsríkt og vel uppsett æfing. Takk fyrir.
- Margt sem við ræddum eftir æfinguna sem tekið var saman s.s. það þyrfti 2 aðstoðarmenn aðhlyningarstjóra. Mikið mæðir á þessum tveimur sem eru og veitir ekki af viðbót.
- Takk fyrir frábæran og lærdómsríkan dag!
- Fleiri æfingar af þessu tagi
- Takk fyrir góða æfingu.
- Þarf að hafa slökkvigalla starfsmanna Isavia merktu svo þeir þekkist úr á vettvangi. Vantar fleiri reykköfunartæki fyrir starfsmenn Isavia en vantaði illilega við björgun á farþegum úr eldfugli.

#### 4.5 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar er 9,5 af 10.

## 5 Helstu lærdómsatriði og umbótataækifæri

Heildarmynd æfingar og samræming gekk vel, ávallt er hægt að vinna betur að einstökum atriðum og er ekki síður mikilvægt að styrkja það sem vel er gert heldur en að bæta úr því sem betur má fara.

### 5.1 Styrkur

- Góð samvinna á krefjandi vettvangi.
- Nýttu tvo talhópa sem gafst vel, Blár 7-0 í upphafi en síðan var VST-7 bætt við.
- Upplýsingastreymi gott á milli VST-AST-SST.
- Uppsetning lokana og hringakstur gekk vel.
- Talning góð.
- Viðbragðsaðilar og starfsmenn Ícelandair voru einstaklega duglegir að ganga í þau verk sem þurfti, góð samvinna.
- Uppsetningu breytt á SSS í ljósi aðstæðna til að ná betri heildarsýn sem var rétt mat.
- Streymi frá dróna, vél á flugstöð og búkmyndavélum algjör bylting og léttir á samskiptum.
- Skrifborðsæfingar af hinu góða og hjálpa við heildarskilning ásamt því að undirbúa fólk betur fyrir hlutverk sín.
- Frumkvæði og hjálpsemi Ícelandair eftirtektarverð, vísuðu á góðar leiðir, búnað, aðstoð við ýmis mál o.s.frv.

### 5.2 Helstu umbótataækifæri

Umbótataækifæri	Eigandi
<b>Æfing á Lagarfljóti</b>	
Skoða ljósabúnað bátsins, uppfæra handljós sérstaklega og skoða staðsetningu á ljósbarnum	Isavia
Uppfæra leiðsögubúnað með stærri skjá svo hægt sé að skipuleggja betur fyrstu viðbrögð úr bátnum	Isavia
Æfa sig á gps, ferla, eyða trakki o.s.frv.	Isavia
<b>Flugslysaæfing</b>	
Huga þarf að kulda þar sem áverkamat er framkvæmt og nýta betur teppi og slíkt ef fólk þarf að bíða	Aðhlyningarstjóri
Hættustig barst ekki öllum í áhöfn SST	Almannavarnir
Tryggja þarf að hlið 3 sé alltaf mannað	Gæslustjóri
Léttvatn þarf að vera í lagi og æfa notkun þess oft	Isavia
Skoða betri merkingar og uppsetningu þeirra fyrir græna, gula og rauða á SSS	Isavia
Setja krækju eða annað á hurð fyrir neyðarbirgðir	Isavia
Huga þarf að gardínum eða einhverju screen til að loka af sýn inn á SSS frá bílastæði	Isavia
Hvert fara áhafnarmeðlimir, finna staðsetningu	Isavia
Uppsetning á Eldflugli sé tímanleg	Isavia
Undirbúningsfundur með starfsmönnum fyrir æfingu	Isavia
Meiri hvatningu til starfsmanna að taka þátt í viðburðum tengdum æfingunni	Isavia
Stjórnandi flugvallarþjónustu þarf að taka af skarið við hættustig, stýra hópnum og gera klárt	Isavia

Mögulega merkja galla Isavia til að þeir þekkist á vettvangi?	Isavia
Fleiri reykjöfunartæki fyrir flugvallarþjónustu?	Isavia
Bæta þarf aðstöðu AST	Lögreglan á Austurlandi
Nýta fulltrúa Isavia og Ícelandair betur í AST	Lögreglan á Austurlandi
Námskeið fyrir RKÍ til að efla þeirra störf og bæta í viðbragðshópinn	Rauði kross Íslands
Skrásetja má meira í aðgerðagrunn RKÍ	Rauði kross Íslands
Sjúkraflutningar klári bráðaflokkun fái þeir það verkefni	Sjúkraflutningar
Mæting aðgerðastjórnenda frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, (flutningstjóri, VST, AST)	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Þátttaka sjálfboðaliða	Slysavarnafélagið Landsbjörg / Rauði kross Íslands
Nýta talstöðvar í stað þess að hlaupa um, fá aðstoð í fjarskipti	Slökkvilið
Tengiliður slökkvilið sé virkur í að áframsenda upplýsingar um æfinguna og fræðslur	Slökkvilið
Fleiri stjórnendur vantaði frá slökkviliði	Slökkvilið
Efla færni í að koma vatni á slöngur – fræðsla	Slökkvilið
Boð frá 112 bárust seint til slökkviliðs	Slökkvilið / 112
Til að tryggja fjarskipti við slökkvilið að stjórnandi sé með VHF til að samskipti haldist eða skoða tetra	Slökkvilið / Björgunarstjóri
Forgangsröðun bjarga, uppsetning slökkviliðsfólks og ekki horfa eingöngu á eld.	Slökkvilið / Björgunarstjóri
Þarf endilega að flytja alla græna af svæðinu?	SST – Aðhlyningarstjóri
Sé flugbrautin lokuð þarf að koma því betur til skila, aðilar að keyra braut þegar ekki átti að gera það, huga að lokunum bæði við flugstöð og vettvang til að tryggja það betur	Vettvangsstjórn
Bjargir gefi sig fram við þann stjórnanda sem þeir eru sendir til af flutningastjóra	Viðbragðsaðilar
Fræsla fyrir hlutverkaskipan, aðhlyningarstjóra, aðstoðaraðila og stjórnanda greiningarsveitar	Æfingastjórn